



Samþykkt á aðalfundi hjúkrunarráðs Landspítala
19. október 2016

Hjúkrunarráð skorar á yfirvöld að leggja fram hið fyrsta reglugerð um viðbrögð við og rannsóknir á óvæntum, alvarlegum atvikum á heilbrigðisstofnunum

Hjúkrunarfræðingur var í maí 2014 ákærður af Ríkissaksóknara fyrir manndráp af gáleysi þegar sjúklundur á Landspítala lést árið 2012. Í niðurstöðum rötargreiningar og við sýknun í Héraðsdómi kom fram að um var að ræða röð atvika tengdum m.a. umhverfi og vinnuskipulagi en ekki vegna mistaka af hálfu hinnar ákærðu. Sú atburðarrás sem fór af stað og endaði með alvarlegum og óréttmætum ásökunum á hendur hjúkrunarfræðingnum og þriggja ára bið eftir niðurstöðu, olli miklu óöryggi meðal heilbrigðisstarfsfólks á Landspítala og víðar.

Skipaður var starfshópur á vegum Velferðarráðuneytisins í kjölfar dómsmálsins sem skilaði af sér skýrslu í september 2015 um [alvarleg atvik í heilbrigðisþjónustu](#). Í skýrslunni er komið með tillögur að verkferlum til að fylgja þegar alvarleg atvik eiga sér stað, einkum andlát sem talið er megi rekja til mistaka. Hjúkrunarráð fagnaði útgáfu skýrslunnar en gagnrýnir að nú, *ári seinna*, sé enn ekki komið verklag um tilkynningu alvarlegra atvika með hagsmuni sjúklinga og starfsmanna að leiðarljósi.

Hjúkrunarráð krefst þess að Velferðarráðuneytið leggi fram hið fyrsta reglugerð um viðbrögð og rannsókn Embættis landlæknis á alvarlegum atvikum og óvæntum dauðsföllum á heilbrigðisstofnunum. Einnig að ríkissaksóknari gefi út fyrirmæli til handa lögreglu um rannsókn alvarlegra atvika og óvæntra dauðsfalla á heilbrigðisstofnunum í samræmi við fyrrnefnda reglugerð. Hjúkrunarráð áréttar að verklag er mikilvægt til að gæta hagsmuna sjúklinga og tryggja að atvik séu skráð og tilkynnt en ekki síður til að koma í veg fyrir ásakanir án þess að viðeigandi rannsókn hafi átt sér stað.

Fyrir hönd hjúkrunarráðs,

Guðríður Kristín Þórðardóttir

Formaður hjúkrunarráðs Landspítala